

Fundargerð

Aðalfundur KGSÍ haldinn á Hótel Laka 12. maí 2012.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ og In Memoriam ehf.
3. Reikningar KGSÍ lagðir fram til umræðu og samþykktar og jafnframt reikningar In Memoriam ehf. – Þórsteinn Ragnarsson fer yfir reikninga 2011.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna og varamanna – jafnframt kosið í stjórn og varastjórn In Memoriam ehf.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ og In Memoriam ehf.
7. Fréttir frá Akranesi – Indriði Valdimarsson skrifstofustjóri hjá Kirkjugarði Akraness segir frá starfi sínu.
8. Erindi heimamanns: Ólafía Jakobsdóttir – Hörgslandi.
9. Þórsteinn Ragnarsson – segir frá nýja greiðslukerfi KGSÍ, þ.e.a.s. skýrslugerð presta og starfsmanna kirkjugarða á gardur.is

Hádegismatur frá 12:00 til 13:00. Fundarmenn og makar snæða saman á fundarstað. Reiknað er með að fundi ljúki um kl. 15:00.

10. Úr smiðju garðyrkjudeildar KGRP og KGA. Garðyrkjufræðingarnir Þorgeir Adamsson og Stefán Gunnarsson ræða um grafartekt – undirbúning, framkvæmd og frágang.
11. Önnur mál.

Fundargestir:

Albert Eymundsson	Höfn og Stafafell í Lóni
Arnfinnur Einarsson	KGRP
Arnór Sigurðsson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Ásdís Þórðardóttir	Djúpavogskirkjugarður
Bergur Torfason	Þingeyrarsókn í Dýrafirði
Birgir Ásgeirsson	Próf. í Reykjav.prófd.vestra
Bjarni Grímsson	KGRP
Björn Sveinlaugsson	Seyðisfjarðarkirkjugarður
Emilía Guðrún Svavarsdóttir	KGRP
Erlendur Geir Arnarson	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Friðjón Örn Guðmundsson	KGRP
Guðmundur Rafn Sigurðsson	Kirkjugarðaráð
Guðný A. Valberg	Eyvindarhólakirkjugarður
Gunnar Vilbergsson	Kirkjugarður Grindavíkur
Gunnþór Gíslason	Selfosskirkjugarður
Heimir Janusarson	KGRP

Helga Oddsdóttir	KGRP
Hilmar Dúi Björgvinsson	Kirkjugarðurinn á Húsavík
Indriði Valdimarsson	Kirkjugarður Akraness
Jóhann Grétar Einarsson	Seyðisfjarðarkirkjugarður
Jóhanna Arnórsdóttir	Kirkjugarður Hafnarfjarðar
Jóhannes Pálmason	KGRP
Jörgen Pétur Guðjónsson	KGRP
Katrín Birna Viðarsdóttir	Ásólfsskálakirkjugarður
Kristján Guðjónsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Kristján Karl Linnet	KGRP
Margrét Þórhallsdóttir	Umsjónarmaður útfara á Húsavík
Ólafur Guðmundsson	Njarðvíkurkirkjugarður
Ólafur Valgeirsson	Vopnafjarðarkirkjugarður
Ómar Halldórsson	Stórolfshvolskirkja
Sigurgeir Skúlason	Kirkjugarðaráð
Sigurbjörn Árnason	Garðakirkjugarður
Sigurjón Jónasson	KGRP
Stefán Gunnarsson	Kirkjugarðar Akureyrar
Stefán Ívar Hansen	Kirkjugarðar Akureyrar
Steinunn Jónsdóttir	Djúpavogskirkjugarður
Svandís Ingólfssdóttir	Heydalakirkjugarður
Sveinn Valdimarsson	Kirkjugarðar Keflavíkur
Sölvi Arnarson	KGRP
Unnur Björgvinsdóttir	Heydalakirkjugarður
Þjóðbjörn Hannesson	Kirkjugarður Akraness
Þorgeir Adamsson	KGRP
Þorsteinn Eypórsson	Borgarnes
Þorsteinn Ragnarsson	KGRP
Þórunn Ragnarsdóttir	Árbæjarkirkjugarður í Holtum
Örn Arnarson	Kirkjugarður Hafnarsóknar

1. Þorsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ bauð fundargesti, sem margir voru komnir um langan veg, velkomna á fjölmennan aðalfund. Hann lagði til að Jóhannes Pálmason stjórnaði fundi og Þorgeir Adamsson ritaði fundargerð. Samþykkt einróma.

Fundarstjóri þakkaði traustið og bað sr. Birgi Ásgeirsson prófast um að hefja fundinn með morgunbæn. Hann fór með blessunarorð og bæn.

Fundarstjóri las nöfn fundargesta og viðstaddir stóðu upp um leið og nafn þeirra var lesið.

2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ og In Memoriam ehf.

Þorsteinn Ragnarsson kynnti og fór yfir skýrslu formanns og stjórnar sem afhent var í upphafi fundar. Hann vakti athygli á minnkandi tekjum kirkjugarða frá ári til árs. Engu að síður væru þetta miklar fjárhæðir sem forsvarsmönnum kirkjugarða væri treyst fyrir.

Breyting á greiðslufyrirkomulagi hefur gert það að verkum að prestar og kirkjugarðar fá greiðslur fyrr en ella og allar skráningar skila sér betur. Handskrifaðir reikningar

tilheyra sögunni og skilvirkni hefur aukist. Vefurinn www.gardur.is hefur þar miklu hlutverki að gegna og er allt landið nú eitt greiðslusvæði.

Frumvarpið – fastur liður eins og undanfarin ár. Afgreiðsla þess strandar á ákvæðum um rekstur líkhúss að því er virðist. Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytis heldur því fram að kirkjugarðar vaði í peningum og þurfi ekki sértekjur.

Aðalfundur 2011 á Húsavík var mjög góður og benti Þórsteinn á ítarlega umfjöllun um hann í skýrslunni á bls. 6 -7.

Lítill áhugi virðist vera á sameiningu kirkjugarða og kirkjugarðsstjórna. Hver stjórn mundi halda fulltrúa í nýrri stjórn en samt er einhver ótti um að missa áhrif en slíkur ótti er algjörlega ástæðulaus þar sem minni sóknir fá einn fulltrúa í stjórn á móti einum fulltrúa stærri sókna.

Greint var frá vísi að tölvubókhaldi á bls. 8 og í umfjöllun um þróun einingaverðs kom fram að búið er að hafa milljónatugi af kirkjugörðum frá hruni á þann hátt að einingaverð hafa ekki verið uppfærð og síðan skert heldur skert og síðan reiknað.

Utan um útgáfu blaðsins Bautasteins hefur Sigurjón Jónasson heiðursfélagi KGSÍ haldið og óskaði formaður eftir því að fundarmenn gæfu honum gott klapp sem þeir gerðu fúslega.

Formaður flutti kveðju frá Smára Sigurðssyni sem gat ekki mætt.

3. Reikningar KGSÍ lagðir fram til umræðu og samþykktar og jafnframt reikningar In Memoriam ehf.

Þórsteinn fór yfir reikningana og helstu niðurstöður. Vakin var athygli á könnunaráritun endurskoðanda sem og áritun skoðunarmanna. Formaður flutti kveðju frá Birni Sveinssyni sem að jafnaði skýrir reikninga félagsins en gat ekki mætt í þetta sinn.

Fundarstjóri þakkaði fyrir skýrslu formanns og stjórnar sem og yfirlit yfir reikninga. Hann gaf orðið laust til spurninga um liði tvö og þrjú.

Erlendur Geir Arnarson þakkaði fyrir góða skýrslu og lagði til varðandi sameiningu kirkjugarða að gott væri að fá skýrslu á næsta aðalfundi um sama málefni á hinum Norðurlöndunum. Hann taldi mikilvægt að upplýsingar bærust út í þjóðfélagið varðandi ástand fjármála og fleiri málefni kirkjugarða.

Gunnar Vilbergsson sagði að varðandi sameiningu kirkjugarða þá hefði verið samstaða í stjórn Kirkjugarðs Grindavíkur um að standa einir, þ.e. ekki sameinast öðrum gördum.

Ólafur Valgeirsson greindi frá því að herferð varðand fjármál sókna hefði borið árangur að því er virtist. Samskonar aðferðum þyrfti að beita varðandi fjármál kirkjugarða. Fulltrúar kirkjugarða verði að „heimta leiðréttingu“.

Þórsteinn tók undir athugasemdir fundarmanna og þakkar fyrir góð orð. Hann lagði áherslu á að hann hafi barist af hörku fyrir auknum leiðréttum framlögum. Ræddi sérstaklega um valdniðslu fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem felst í því að afgreiða ekki kirkjugarðafrumvarpið, þ.e. hleypa því ekki áfram til að koma í veg fyrir að það fái þinglega umræðu. Fram kom að það eru sérstaklega sértekjumál varðandi

líkhús og athafnarými hjá kirkjugörðum sem fjárlagaskrifstofa telur kirkjugarða ekki þurfa vegna þess að þeir eigi nóga peninga. Þórsteinn sagði að kvartað hefði verið mjög ákveðið undan slíkum vinnubrögðum en samtrygging innan ráðuneytanna væri slík að það skilaði litlu. Nauðsynlegt væri að þekkja þá línu sem mætti ekki fara yfir þó að misrétti væri beitt. Bréfaskriftir frá fleiri aðilum út um landið geta skilað árangri. Þórsteinn svaraði því til að Grindavík hefði ekki verið inni í þeim hópi sem rætt hefði verið um á bls. 7 í skýrslunni, þeir hefðu í upphafi ekki gefið kost á því að þeir sameinuðust öðrum stjórnnum á Reykjanesi. Þórsteinn sagði að sameiningamálin væru mun meiri hagsmunamál fyrir kirkjugarðamál í heild en menn áttuðu sig á.

Fundarstjóri ítrekaði að orðið væri laust.

Sr. Birgir Ásgeirsson þakkaði fyrir að fá að vera á fundinum sem hluti af stjórn KGRP. Hann greindi frá umsýslu varðandi skýrslur frá kirkjugörðum og kirkjum. Áður var meðhöndlun með þessar skýrslur mjög þung eða stíð í vöfum. Hann lýsti ánægju með nútíma tækni en minnti á mikilvægi þess að fólk talaði saman um málefnið til að glata ekki sambandinu.

Bergur Torfason sagði að framlag til kirkjugarðs dygði ekki fyrir greiðslum fyrir grafartekt og prestakostnaði.

Ólafur Valgeirsson vildi að stjórnarmenn út um landið legði stjórn KGSÍ lið við baráttu við embættismenn og kerfið. Að myndaður yrði þrýstihópur sem beindist að áhrifamönnum og/eða þingmönnum.

Þórsteinn sagði að sér væri kunnugt um þau vandamál að reikningar væru hærri en framlög til kirkjugarða og benti á að sameining gæti verið til hagræðingar.

Hafa þarf viðtöl við forsvarsmenn kirkjugarða út um landið.

Fundarstjóri lýsti umræðum um liði tvö og þrjú á dagskránni lokið og bar ársreikninga og rekstraráætlun upp til samþykktar. Einróma samþykkt.

4. Kosning formanns KGSÍ.

Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og formaður KGSÍ gaf kost á sér til endurkjörs og var hann einróma endurkjörinn.

5. Kosning annarra stjórnarmanna og varamanna – jafnframt kosið í stjórn og varastjórn In Memoriam ehf.

Guðmundur Rafn Sigurðsson og Smári Sigurðsson voru einróma endurkjörnir sem aðalmenn og með sama hætti þau Indriði Valdimarsson og Katrín Birna Viðarsdóttir sem varamenn.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ og In Memoriam ehf.

Ólafur Þ. Guðmundsson og Magnús Sigurðsson voru einróma endurkjörnir.

7. Fréttir frá Akranesi – Indriði Valdimarsson skrifstofustjóri hjá Kirkjugarði Akraness segir frá starfi sínu.

Indriði greindi frá starfi sínu hjá Kirkjugarði Akraness og Akraneskirkju. Flutti hann sögulegt yfirlit frá 1894. Hann gerði grein fyrir helstu verkþáttum kirkjugarðsvarðar og benti á mikilvægi þess að ákveðinn aðili héldi utan um alla þætti varðandi kirkjugarðinn. Hann vakti athygli á skeytingarleysi fólks sem kemur í garðinn, t.d. að ekið væri út um allan garð.

Indriði kvaðst þakklátur fyrir hrós og jákvæðar athugasemdir í sinn garð. Hann sagði að rekstur væri erfiður og ekki gott að segja hvað bæri að gera? Verkefnin væru mörg og margvísleg.

Fundarstjóri þakkaði Indriða fyrir fróðlegt og skemmtilegt erindi.

Spurt var um landrými garðsins? Indriði nefndi að vandræði væru með nægjanlegt jarðvegsdýpi í núverandi landi og að bæjaryfirvöld væru treg til að úthluta svæði til framtíðar.

8. Erindi heimamanns: Ólafía Jakobsdóttir – Hörgslandi.

Fundarstjóri bauð Ólafíu Jakobsdóttur velkomna.

Ólafía er forstöðumaður Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri. Hún fjallaði m.a. um kirkjur og sóknir héraðsins.

Fundarstjóri þakkaði Ólafíu fyrir fróðlegt og skemmtilegt erindi.

Birgir Ásgeirsson þakkaði fyrir gott erindi og spurði um uppbyggingu á klausturstaðnum. Ólafía greindi frá fornleifauppgreftri sem hefði verið mjög erfiður vegna mikils jarðvegsdýpis niður á minjar.

9. Þórsteinn Ragnarsson – segir frá nýja greiðslukerfi KGSÍ, þ.e.a.s. skýrslugerð presta og starfsmanna kirkjugarða á gardur.is

Þórsteinn fjallaði um nýtt greiðslukerfi KGSÍ. Skýrslugerð presta og starfsmanna kirkjugarða á vefnum gardur.is Þórsteinn rakti aðdraganda að stofnun gardur.is, söfnun upplýsinga, legstaðaskráa, korta og fleira. Hann sagði frá hliðarforritum á gardur.is sem eru m.a. varðandi líkús, greftranir, bókunarkerfi fyrir athafnir, greftranir og bálfarir. Þar eru verkbeiðnakerfi, viðgerðir á legsteinum, blómapantanir, greiðslukerfi presta og fleira.

Athugasemd kom frá Arnóri Sigurðssyni varðandi þjónustu KGRP varðandi legsteina. Er hún leyfileg samkvæmt samkeppnislögum?

Þórsteinn svaraði því til að þess væri gætt að kostnaður vegna vinnu við legsteina væri greiddur af aðstandendum en ekki af tekjum KGRP til að tryggja að framlag ríkisins rynni einungis til lögbundinna verkefna.

Fundarstjóri þakkaði Þórsteini fyrir erindið og gerð hlé á fundi vegna hádegisverðar.

10. Úr smiðju garðyrkjudeildar KGRP og KGA. Garðyrkjufraeðingarnir Þorgeir Adamsson og Stefán Gunnarsson ræða um grafartekt – undirbúning, framkvæmd og frágang.

Þorgeir Adamsson garðyrkjustjóri KGRP fjallaði um grafartekt. Komið var inn á lög og reglur, upplýsingar grafara, verklag við grafartekt, umbúnað, verklag við að loka gröf, frágang, mismunandi aðstæður og fleira.

Stefán Gunnarsson skruðgarðyrkjufraeðingur hjá KGA fjallaði um þau málefni sem taka við eftir að sjálfri grafartektinni er lokið. Frágangur grafa: grafir sléttaðar, sáð í eða þær tyrfðar. Túlkun laga varðandi það sem þarf, og það sem á að gera og mörkin á því hvað má gera án aðkomu aðstandenda. Fjallað var um minningarmörk og „viðbótarhluti“ sem fólk kemur með og leggur á leiði. Hvað er hægt að gera til að þjónusta aðstandendur .

Fundarstjóri opnaði fyrir fyrirspurnir.

Ýmsar spurningar og athugasemdir komu upp varðandi „það sem má og það sem ekki má“

Kristján Karl Linnet nefndi að samræmdar reglur vantaði varðandi „það sem er leyfilegt“

Spurt var hvort ástæða væri til þess að stofnaður yrði samstarfshópur um verklag í kirkjugörðum?

Gunnþór Gíslason á Selfossi lét setja saman reglugerð um umgengni og framkvæmdir aðstandenda.

Heimir Janusarson nefndi að mikið væri orðið um að mjög breiðir legsteinar sem eru fyrir tvöföld leiði væru settir á leiði áður en seinni gröfin er tekin og væru þeir til vandræða þegar næsta gröf er tekin.

Örn Arnarson þakkaði fyrir erindi og lýsti samskiptum sínum við aðstandendur.

Gunnþór sagði frá sínum aðferðum við frágang grafa.

Birgir Ásgeirsson nefndi að mikilvægt væri fyrir alla aðila að fá reglur fyrir kirkjugarða til að fara eftir. Starfsfólk sem og aðstandendur.

Sölvi Arnarson nefndi að sömu reglur hentuðu ekki allsstaðar þar sem aðstæður væru mismunandi eftir stöðum.

Ómar Halldórsson nefndi að hann sæi sjálfur um að draga mörkin.

Unnur Björvinsdóttir spyr eftir reglum um grafartekt, lokaða gröf og hvenær kista væri látin síga? Henni fannst skorta á að upplýsingar bærust frá gröfum til aðstandenda varðandi lokaðar grafir og það hvað tæki við ef aðstandendur færu frá kistu sem stæði uppi.

Þórsteinn svaraði því til að eðlilegt væri að reglur væru til um þessi málefni.

Örn spurði um ábyrgð presta almennt. Þórsteinn svaraði að núgildandi lög fjölluðu ekkert um tímabilið frá andláti fram að greftrun og samkvæmt þeim lögum væri ábyrgð presta engin þegar jarðsetja ætti einstakling því hægt væri að jarðsetja án aðkomu prests.

Þórsteinn Eypórsson tekur undir það að settar verði samræmdar reglur.

Heimir Janusarson sagði að það væri föst regla að kista væri látin síga í gröf og henni lokað um leið og aðstandendur væru farnir.

Bergur Torfason tók undir það að settar yrðu samræmdar reglur en gert ráð fyrir mismunandi aðstæðum og hefðum.

Unnur lagði áherslu á að fólk fylgdi sínum til grafar.

Katrín Birna Viðarsdóttir þakkaði fyrir umræðuna og nefndi að tekið yrði tillit til litlu garðanna.

Umræða var um það hvort grafarklæði ætti að nota eða ekki og hver væri tilgangur með notkun þeirra. Sýndist sitt hverjum.

Guðný Valberg lagði til að leitað yrði til hinna Norðurlandanna eftir verklagsreglum.

Fundarstjóri lagði til að skipaður yrði samstarfshópur um verklag og umbúnað. Tillagan var einróma samþykkt.

11. Önnur mál.

Bjarni Grímsson hafði skýringar og athugasemdir við þróun sóknargjalda og kirkjugarðsgjalda. Hann hvatti fólk til að standa vaktina og krefjast leiðréttingar á tekjum.

Stefán Ívar talaði um að brekkan væri brött varðandi samskipti við yfirvöld.

Fundarstjóri las upp ályktun:

„Aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands, haldinn á Hótel Laka laugardaginn 12. maí 2012, skorar á alþingismenn að hækka framlag til kirkjugarða að því marki, að þróun lögboðsins framlags ríkisins til kirkjugarða fylgi þróun framlags ríkisins til annarra stofnana ríkisins á vegum innanríkisráðuneytis á tímabilinu 2008 til 2012. Að lokinni þeirri leiðréttingu verði svonefnt einingaverð til kirkjugarða uppfært til þess verðs sem gildandi samningur milli ríkisins og Kirkjugarðaráðs gerir ráð fyrir og mundi sú uppfærsla gilda fyrir fjárhagsárið 2013“.

Ályktunin var einróma samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund.

Þórsteinn tók að lokum til máls og þakkaði embættismönnum fundarins þeirra störf. Hann sagði að KGRP hefði verið stofnað í desember 1995 og væri nú halda sinn 17. aðalfund. Nú tæki við hinn þáttur aðalfundar en það væri hinn félagslegi þáttur þar sem menn ræddu saman óformlega og skemmtu sér síðan fram eftir kvöldi. Þetta væri hin rétta blanda sem hefði gert það að verkum að KGSÍ hefði lifað góðu lífi þennan tíma. Hann þakkaði þátttakendum fyrir góðan fund og traustið sem honum væri sýnt.

Fundi slitið.

Þorgeir Adamsson,
ritari.



Aðalfundur KGSÍ á Hótel Laka laugardaginn 12. maí 2012.

(ARE)

Sá myndir af aðalfundi á slóðinni: <http://kgsi.is/myndir2012>
Sjá einnig erindi sem haldin voru á aðalfundi: www.kgsi.is/erindiadalfundar